

Jafnréttis- og jafnlaunastefna Terra

Tilgangur

Tilgangur jafnréttis- og jafnlaunastefnu Terra er að stuðla að jafnrétti og tryggja jöfn laun og kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Terra leggur áherslu á jafnrétti, virðingu og fjölbreytileika á vinnustaðnum og að allt starfsfólk njóti sömu tækifæra, óháð kyni, kynvitund, kynhneigð, aldri, þjóðerni, uppruna, fötlun, trú, fjölskylduaðstæðum eða öðrum persónubundnum þáttum.

Stefnan nær til alls starfsfólks fyrirtækisins og er stjórnendum og starfsfólki gert að fylgja henni. Markmið Terra er að skapa vinnuumhverfi þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi og að fyrirtækið sé eftirsóttur vinnustaður fyrir fjölbreyttan hóp starfsfólks.

Launaákvæðanir og jafnræði

Stefna fyrirtækisins er að launaákvæðanir byggjast á málefnalegum forsendum og að allt starfsfólk njóti jafna launa fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni eða öðrum persónubundnum þáttum.

Við launaákvörðun er stuðst við flokkun starfa, starfslýsingu, umfang og eðli starfs, ábyrgð, hæfni, frammistöðu í starfi og starfsreynslu. Allir stjórnendur Terra skuldbinda sig til að framfylgja stefnunni og bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda stöðugum umbótum á öllum þáttum jafnréttis- og jafnlaunastefnunnar.

Terra leggur jafnframt áherslu á að tryggja jafnræði í ráðningum, starfsþróun, fræðslu og framgangi í starfi þannig að starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að þróast og vaxa í starfi.

Framfylgd og umbætur

Til að framfylgja stefnunni skuldbindur Terra sig til að:

- Starfrækja jafnlaunakerfi sem byggir á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og skjalfesta, innleiða og viðhalda því í samræmi við kröfur staðalsins.
- Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og kannað hvort mælist munur á launum eftir kynjum.
- Kynna helstu niðurstöður launagreiningar fyrir starfsfólki fyrirtækisins.
- Bregðast við og vinna markvisst að umbótum ef stefnunni hefur ekki verið fylgt eftir.
- Setja fram markmið um stöðugar umbætur í jafnréttis- og jafnlaunamálum og fylgjast með árangri þeirra.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og öðrum kröfum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna fyrir starfsfólki fyrirtækisins og hafa hana aðgengilega á innri vef.
- Birta stefnuna á vefsíðu fyrirtækisins.

Ábyrgð og endurskoðun

Forstjóri Terra ber ábyrgð á stefnunni og að henni sé framfylgt.

Mannauðsstjóri Terra ber ábyrgð á innleiðingu, eftirfylgni, skjalfestingu og viðhaldi jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Mannauðstjóri skal sjá til þess að stefnu þessari sé viðhaldið og hún endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir þörfum.

Samþykkt af forstjóra Terra 9. apríl 2026